Stúdentaráð Háskóla Íslands

# Vegna stöðu stúdenta HÍ á vinnumarkaði sumarið 2020 og líðan þeirra á tímum COVID-19

*8. apríl 2020*

Könnun var send út kl. 11 þann 6. apríl, mánudag, til allra stúdenta í HÍ, og höfðu 1.027 nemendur tekið könnunina 48 klst. síðar þann 8. apríl, en u.þ.b. 13 þúsund nemendur eru skráðir í HÍ. Þessi könnun var sú seinni af tveimur, en sú fyrri var send út rúmlega 2 vikum áður eða þann 22. mars sl. Sú könnun sneri að líðan og andlegri heilsu stúdenta og má lesa nánar um niðurstöður hennar hér. Með seinni könnuninni var þeirri fyrri fylgt eftir að nokkru leyti en einnig var spurt sérstaklega útí stöðu stúdenta á vinnumarkaði, viðhorf þeirra til sumarnáms og fjárhagsáhyggjur stúdenta. Hér verður gert grein fyrir niðurstöðum hennar í eftirfarandi röð:


**I. Staða stúdenta á vinnumarkaði, gagn af úrræðum** **2**

Sérstakar spurningar voru lagðar fyrir þá sem merktu við að vinna með skóla í hlutastarfi: 5

**II. Viðhorf til sumarnáms** **7**

**III. Samanburður við fyrri könnun - andleg líðan:** **9**

**IV. Afstaða til aðgerða HÍ vegna námsmats:** **11**

**V. Bakgrunnur í seinni könnun:** **12**


Sérstök atriði sem eru eftirtektarverð:

- Rúm 11% stúdenta HÍ telja sig ekki geta mætt útgjöldum sínum næstu mánaðamót og sögðu 32% stúdenta sig eiga erfitt með það, þó þeir geti það. Af þessu má álykta að 43% stúdenta eru í erfiðri stöðu fjárhagslega strax næstu mánaðamót.
- Enn fleiri telja sig ekki geta mætt útgjöldum sínum í sumar eða tæp 18% og sögðu tæp 27% stúdenta að þeir muni eiga erfitt með það. Af þessu má álykta að 45% stúdenta horfi fram á erfiða tíma fjárhagslega næsta sumar.
- Tæp 20% stúdenta óttast að einhverju leyti að þeir missi húsnæði sitt. 4% sögðu nú þegar ljóst að þeir gætu ekki mætt útgjöldum vegna húsnæðis.
- Á skalanum 1-10 eru 53% stúdenta með fjárhagsáhyggjur á stigi 6 eða yfir.
- Um ⅔ stúdenta merkja líðan sína 5 eða lægri á skalanum 1-10. Sama hlutfall stúdenta segjast uplifa kvíða á stigi 7 eða hærra á skalanum 0-10.
- 40% stúdenta við HÍ hafa ekki fengið vinnu í sumar og segja aðeins tæp 6% stúdenta að þeir hafi geta nýtt sér úrræði stjórnvalda sem komið hafa fram nú þegar vegna fjárhagsstöðu sinnar.

## I. Staða stúdenta á vinnumarkaði, gagn af úrræðum stjórnvalda og sumarstörf stúdenta

1) Spurt var hvort stúdentar væru komnir með öruggt sumarstarf.

- 40% sögðu nei en að þau væru í atvinnuleit
- 36.5% voru komin með fullt starf í sumar.
- 9.5% voru komin með hlutastarf




Ef þau 14% svarenda sem spurningin átti ekki við eða ætluðu sér ekki að vinna eru undanskilin er um að ræða að 47% stúdenta sem vilja vinna í sumar eru í atvinnuleit og 42% stúdenta séu komnir með fullt starf í sumar.

2) Spurt var hvort sumarstarfi viðkomandi hafi verið breytt vegna ástandsins

Eru hér tekin út svör þeirra sem ætla ekki að vinna eða spurningin átti ekki við:

- 19% misstu sumarstarf sem þeir voru komnir með
- 8% sögðu já, starfshlutfall þeirra hafi verið lækkað
- 12.5% sögðu nei en gerðu ráð fyrir breytingum
- 52,5% sögðu Nei
- <1% lækkuðu í launum

3) Spurt var hvort stúdent hafi geta nýtt sér úrræði stjórnvalda eins og hlutabætur eða breytt skilyrði LÍN?

Eru hér tekin út svör þeirra sem spurningin átti ekki við eða sögðust ekki þurfa á úrræðunum að halda:

- 83% sögðu “Hvorugt hefur nýst mér en ég þarf á stuðningi að halda”
- 5,7% sögðu að hlutabætur hefðu nýst þeim
- 10.9% sögðu að LÍN hefur nýst þeim




Ef aðeins eru tekin út svör þeirra sem sögðu að spurningin ætti ekki við lítur svörun svona út:

- 36,8% sögðu "Hvorugt hefur nýst mér en ég þarf á stuðningi að halda"
- 2,5% sögðu að hlutabætur hefðu nýst þeim
- 4,8% sögðu að LÍN hefur nýst þeim

<u>4) Spurt var "Telur þú þig geta mætt þínum útgjöldum um næstu mánaðamót"?</u>

- 11,5% stúdenta sögðu Nei
- 32,7% sögðu Já en ég mun eiga erfitt með það
- 51,3% sögðu Já




<u>5) Spurt var "Telur þú þig geta mætt þínum útgjöldum í sumar?"</u>

- 17,9% sögðu "Nei"
- 26,8% sögðu Já en ég mun eiga erfitt með það
- 44,5% sögðu Já




6) Spurt var "Óttast þú að missa húsnæði þitt"

- 15,1% Sögðu "Já að einhverju leyti"
- 3% sögðu "Já það er orðið ljóst að ég geti ekki staðið undir útgjöldum vegna þess"
- 61,1% sögðu Nei




Eru hér tekin út svör þeirra sem spurningin átti ekki við:

- 19% Sögðu "Já að einhverju leyti"
- 4% sögðu "Já það er orðið ljóst að ég geti ekki staðið undir útgjöldum vegna þess"
- 77,1% sögðu Nei

7) Spurt var um fjárhagsáhyggjur stúdenta

"Á skalanum 0-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta), hversu miklar fjárhagsáhyggjur upplifir þú í þeim aðstæðum sem eru vegna COVID-19?"

Verða hér sameinuð svör á skalanum til einföldunar á úrlestri :




0-1: Mjög litlar, 2-4: Litlar, 5: Nokkrar, 6-8: Miklar, 9-10: Mjög miklar.

<u>Sérstakar spurningar voru lagðar fyrir þá sem merktu við að vinna með skóla í hlutastarfi:</u>

- *25,6% stúdenta sem voru í hlutastarfi með námi hafa verið sagt upp eða það lækkað í 0%*
- 26,3% stúdenta hafa lækkað í starfshlutfalli
- 47,8% hafa haldið óbreyttu starfshlutfalli




- *46,9% stúdenta segjast ekki komast af fjárhagslega án hlutastarfsins*
- 37,8% komast af fjárhagslega en það er flókið fyrir þá
- Aðeins 15,3% stúdenta kemst auðveldlega af fjárhagslega án hlutastarfs

Hvert af eftirtöldu á best við um þig / Which of the following best applies to you?

437 responses



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## II. Viðhorf til sumarnáms

8) Spurt var: "Hvernig líst þér á þá hugmynd að bjóða stúdentum upp á sumarnám við Háskóla Íslands" á skalanum 1-5

(1 = mjög slæm hugmynd, 2 = slæm hugmynd, 3 = hlutlaus, 4 = góð hugmynd, 5 = mjög góð hugmynd)




9) Einnig var spurt: "Myndir **þú** sækja þér sumarnám (20 ECTS) við Háskóla Íslands ef það stæði þér til boða?

Dró þá nokkuð úr jákvæðninni

- 25% Já
- 34,9% Já en bara ef ég væri atvinnulaus




10) Spurt var " Værir þú líklegri til að sækja sumarnám við HÍ ef þú gætir tekið færri einingar en 20 ECTS einingar"

Jókst þá jákvæðni aftur

- 39,2% Já
- 27,4% Já, en aðeins ef ég væri atvinnulaus
- 22,5% Nei þótt ég væri atvinnulaus



11) Spurt var "Hvernig líst þér á þá hugmynd að stúdentar framfleyti sér í sumarnámi með láni frá LÍN?

(1 = mjög slæm hugmynd, 2 = slæm hugmynd, 3 = hlutlaus, 4 = góð hugmynd, 5 = mjög góð hugmynd)

- 27,8% merktu við 5: mög góð hugmynd
- 31.5%




12) En þegar spurt var "Myndir **þú** sækja um lán hjá LÍN vegna sumarnáms?

Dró úr jákvæðninni

- 9,3% sögðu Já
    - til samanburðar er áhugavert að tæp 28% stúdenta töldu þetta mjög góða hugmynd eins og sjá má að ofan.
- 22,4% sögðu Já en bara ef ég væri atvinnulaus



Stúdentaráð Háskóla Íslands

**III. Samanburður við fyrri könnun - andleg líðan:**

A) Í báðum könnunum voru nemendur spurðir hvernig þeim líður í þeim fordæmalausu aðstæðum sem nú eru vegna COVID-19 á skalanum 1-10,

þar sem 1 er mjög illa, 5 sæmilega og 10 mjög vel.

- Í fyrri könnun merktu 50.5% nemenda líðan sína á bilinu 3 - 5. Rúmlega 63% nemenda merktu líðan sína 5 eða lægri.
- Í þeirri síðari merktu 55,7% nemenda líðan sína á bilinu 3 - 5. Rúmlega 66.4% nemenda merktu líðan sína 5 eða lægri.

Dreifing í seinni könnun:




B) Í báðum könnunum voru stúdentar spurðir hvort þeir upplifa streitu og/eða álag sem hafi áhrif á námsframvindu sína.

- Í fyrri könnun sögðu 53.1% nemenda já, mjög mikið og 30% já, en ekki svo mikið.
- Í seinni könnun sögðu 48,6% nemenda Já mjög mikið og 33,3% já, en ekki svo mikið

Skipting í seinni könnun:



<u>C) Í báðum könnunum voru stúdentar spurðir "Á skalanum 0-10 (0 verandi ekki neitt og 10 það mesta), hversu mikinn kvíða upplifir þú í þessum aðstæðum"</u>

- Í fyrri könnun kom fram að 56% nemenda telja sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra
- Í seinni könnun voru 64% nemenda sem telja sig upplifa kvíða á stigi 7 eða hærra

Dreifing í seinni könnun:




<u>D) Í síðari könnun var svo spurt "Upplifir þú meiri eða minni kvíða heldur en fyrir tveimur vikum?</u>

(1 = mun minni kvíða, 2 = minni kvíða, 3 = alveg eins, 4 = meiri kvíða, 5 = mun meiri kvíða)




Hér hafa breytingar á kvíða verið settar fram milli kannana:



## IV. Afstaða til aðgerða HÍ vegna námsmats:

Spurt var útí afstöðu nýsamþykktra breytinga á námsmati HÍ á skalanum 1-5 og fylgdi spurningunni : "(1 = að engu leyti, 2 = að litlu leyti, 3 = að sumu leyti, 4 = að flestu leyti, 5 = að öllu leyti) ----- Breytingarnar má finna hér / the changes are available here: https://www.hi.is/frettir/thakkir_til_starfsfolks_og_tilkynning_til_nemenda_um_namsmat og fela þær t.d. í sér að reglur um tvífall gildi ekki skilafrestur er framlengdur o.s.fr"

Svör 1.043 aðila voru til grundvallar hér:

Hafa nýsamþykktar breytingar á námsmati Háskóla Íslands komið til móts við þarfir þínar vegna breyttra aðstæðna? // Do you think that the curr...t your needs due to changed circumstances? 
1,043 responses




- 18,4% - 5 að öllu leyti
- 40,1% - 4 að flestu leyti
- 25,4% - 3 að sumu leyti
- 11% - 2 að litlu leyti
- 5,1% - 1 að engu leyti

Hafa ber í huga að í skriflegum svörum komu fram skýrar vísbendingar um að þau úrræði sem boðið hefur verið upp á henti illa foreldrum og þá óskuðu meistaranemar eftir frekari aðgerðum.

## V. Bakgrunnur í seinni könnun:

Skrifstofa Stúdentaráðs vinnur að því að sundurliða ofangreindar niðurstöður eftir hinum ýmsu breytum sem spurt var um og má sjá hér að neðan. Staða erlendra nema og foreldra verður greind sérstaklega til dæmis. Auk þess verður skoðað hvernig niðurstöður könnunarinnar koma út eftir sviðum. Við komum þeim niðurstöðum áleiðis við fyrsta tækifæri.


31.9%
9.3%
12.5%
42.2%
Í eða yfir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working 50% or more job ratio with my studies
Undir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working with my studies but under 50% job ratio
100% starfi með skóla / Work a full time job with my studes
Ég er eingöngu í námi / Only a student
Annað / Other


73.7%
20.2%
Einstætt foreldri / Single parent
Foreldri / Parent
Barnlaus / Childless
Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer


38.2%
22.2%
38.9%
Í hjónabandi eða í sambúð / Married or living with spouse
Einhleyp/t/ur - Single
Í sambandi en ekki sambúð / In a relationship
Annað, veit ekki eða vil ekki svara / Other, I don't know or don't want to answer


34.9%
15.5%
22.8%
23.9%
Íbúi á Stúdentagörðunum / In student housing
Í eigin húsnæði / In my own property
Í leiguhúsnæði (utan stúdentagarða) / I'm renting (not in student housing)
Í foreldrahúsum / living with parents
Veit ekki eða vil ekki svara / I don't know or don't want to answer
Annað / Other


12.2%
19.3%
14.7%
21.2%
30.2%
Félagsvísindasviði / School of Social Sciences
Verkfræði- og náttúruvísindasviði / School of Engineering and natural sci…
Menntavísindasvið / School of Education
Hugvísindasvið / School of Humanities
Heilbrigðisvísindasvið / School of Health Sciences
Þverfræðilegt nám / More than one Sc…
Annað / Other


31.9%
9.3%
12.8%
42%
Í eða yfir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working 50% or more job ratio with my studies
Undir 50% hlutastarfi með skóla / I'm working with my studies but under 50% job ratio
100% starfi með skóla / Work a full time job with my studes
Ég er eingöngu í námi / Only a student
Annað / Other